

Nr. 19/1911:

Þórður J. Thoroddsen
gegnSveini Björnssyni f. h.
Thor E. Tulinius & Co.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkeðnum 22. desbr. f. á. var áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen læknir í Reykjavík dæmdur til að greiða stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd firmans Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn verzlunarviðskiftaskuld að upphæð 366 kr. 2 aur., er firmað taldi sig eiga hjá honum, ásamt 6% ársvöxtum frá 11. ágúst 1910 til borgunardags, og í málskostnað 20 krónur. En dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. apríl f. á, og krafist þess, að sér verði eigi gjört að greiða meira af nefndri skuldarupphæð en 15 kr. 26 a., sem hann fyrir undirréttinum kannaðist við að skulda, að hann verði leystur frá að greiða málskostnað fyrir undirrétti, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirrétti. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Í maímánuði 1909 tókst firmað Thor E. Tulinius & Co. á hendur að kaupa inn vörur handa verzlun stefnda í Keflavík, með þeim skilmálum, að firmað fengi 5% af vöruverðinu fyrir kaupin, en afsláttur, er gefinn yrði fyrir borgun út í hönd, skyldi aftur á móti falla til áfrýjanda, að vextir af skuld áfrýjanda á hlaupareikningi skyldu vera 1% hærri en diskonto þjóðbankans, en þó

ekki undir 6%, og að helmingur faktúruverðs varanna skyldi greiddur í Landsbankanum um leið og áfrýjandi fengi sendiskrá (konossement) afhenta, en fyrir hinum helmingnum skyldi áfrýjandi samþykkja 3 mánaða víxil. Viðskifti héldust milli málsaðila samkvæmt þessum skilmálum rúmlega 1 ár, en þá átti áfrýjandi ógreiddar firmánu 336 kr. 2 aur. eftir reikningi þess og er mál þetta risið út af þeirri skuld.

Eins og réttarkrafa áfrýjanda ber með sér, kannast hann ekki við að skulda annað af nefndri kröfu firmans en 15 kr. 26 a., hitt annað telur hann sér ekki hafa verið skylt að borga, en það sundurliðaði hann þannig:

1. »Bankomkostningar«	kr. 117,72
2. Vextir	— 207,12
3. »Porto«	— 4,87
4. Símskeyti	— 16,10

1. liðurinn »Bankomkostningar« kr. 117,72 er kostnaður af milligöngu bankanna við innheimtu faktúruverðsins hjá áfrýjanda og sendingu peninganna til Kaupmannahafnar til firmans. Það er að vísu ekki beint minst á kostnað þenna í fyrgreindum skilmálum milli málsaðilanna, og áfrýjandi hefir því talið hann sér óviðkomandi, en af bréfaskriftum aðilanna sést, að firmað hefir frá fyrsta gjört ráð fyrir því, að áfrýjanda bæri að greiða þenna kostnað og gjört honum reikning fyrir honum, og áfrýjandi ekki haft neinar athugasemdir við það að gjöra, og virðist hann yfir höfuð ekki hafa hafið nein mótmæli gegn þeirri reikningsaðferð firmans, fyr en í þessu máli. Verður áfrýjandi því að álitast hafa samþykkt skilning firmans á þessu atriði skilmálanna og kemst því ekki hjá að greiða hér umræddan kostnað.

Um vaxtakröfuna heldur áfrýjandi því fram, að samkvæmt skilmálunum hefði hann því að eins átt að svara vöxtum af skuld sinni, ef hann léti lánsfrestinn líða hjá, er honum var ætlaður í skilmálunum, á faktúruupphæðinni; en vextirnir séu reiknaðir fyrir tímann frá því er firmað lét vöruna af hendi til þess, er áfrýjandi greiddi faktúruverðið í bankann samkvæmt skilmálunum. Þetta hafi eigi verið tilgangurinn og beri sér því eigi skylda til að greiða umrædda vexti 207 kr. 12 a. En á þenna skilning áfrýjanda verður ekki fallist. Hann átti samkvæmt skilmálunum að greiða vexti af skuld sinni á hlaupareikningi, en á hlaupareikning var faktúruverðið fært þegar er varan var afgreidd til áfrýjanda eða keypt handa honum, og þá var upphæðin orðin skuld áfrýjanda til firmans, og því þess vegna heimilt að reikna sér vexti af henni. Mótmæli áfrýjanda gegn þessum lið virðist því eigi heldur eiga að taka til greina.

Loks heldur áfrýjandi því fram, að sér séu heimildar laust færðar til skuldar upphæðirnar kr. 4,87 og kr. 16,10, fyrir burðargjald og símskeyti, því að endurgjald fyrir það sé hvergi áskilið firmanu í skilmálunum. En þar sem hér er um umboðsrekstur að ræða, virðist firma að hafa átt heimting á að fá allan útlagðan kostnað endurgoldinn án tillits til ómakslaunanna (hundraðsgjaldsins), sem að eins var hærra en venja er til vegna afsláttarins, er áfrýjandi átti að fá; og með því að áfrýjandi hefir ekki vefengt það, að sá kostnaður, er hér er um að ræða, hafi verið í hans þarfir, þá verður að telja það hafa verið heimilt firmanu að reikna áfrýjanda gjöld þessi til skuldar, og verður því kröfu hans um úrfelling þeirra eigi sint.

Samkvæmt þessu verður engin af aðfinslum áfrýjanda við kröfu stefnda talin á rökum byggð, og verður þá, eins og undirdómurinn hefir gjört, að dæma hann til að greiða alla hina umstefndu skuld kr. 366,02. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í heild sinni einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen læknir, stefnda Sveini Björnssyni yfirdómsmálaflutningsmanni fyrir hönd firmans Thor E. Tulinius & Co. 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. dag júlímán.

Nr. 15/1911: Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar
 gegn
 Thor Jensen og Eggert Claessen
 f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Við aukaniðurjöfnun á Akureyri sumarið 1909 var jafnað á Hrómund Jósefsson skipstjóra á sildveiðaskipinu